



Alþingi

Austurstræti 6-8
150 Reykjavík

Reykholti, 28. apríl 2021
2104034 AS

Efni: Umsögn um 705. mál.

Þingsályktunartillaga um endurskoðaða landsskipulagsstefnu 2015-2026. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar ítrekar þær athugasemdir sem gerðar voru við málið á fyrri stigum:

Í viðauka stefnunnar felst ritun kafla um:

- Skipulag á haf- og strandsvæðum
- Loftlagsmiðað skipulag
- Staðarmótun og landslagsvernd
- Heilsuvæna byggð og landnotkun

Sveitarstjórn tekur undir bókun skipulagsnefndar UTU þar sem fram kemur að nefndin telur að flest þeirra markmiða sem koma fram innan viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 séu jákvæð fyrir skipulagsgerð í þétt- og dreifbýli á Íslandi til framtíðar. Nefndin bendir þó á að ákveðin markmið stefnunnar geti haft veruleg áhrif á uppbyggingu í dreifbýli sé horft til þess að aðal áhersla uppbyggingar skuli beinast að þegar byggðum svæðum. Telur nefndin að byggð í dreifbýli þurfi að geta þróast á jákvæðan hátt m.t.t. viðkomandi markmiða um orkuskipti í samgöngum, áherstum á vistvæna mannvirkjagerð og staðarmótun og landslagsvernd. Samhliða hafa íbúar í dreifbýli meiri möguleika á því að vinna heima en áður með ljósleiðaravæðingu svæða sem helst í hendur við breytingar á vinnumarkaði samhliða fjórðu iðnbyltingunni. Það minnkar þörf fólks á að þurfa að sækja vinnu um langan veg þar sem aukning verður á atvinnutækifærum óháð staðsetningu. Í dreifbýli hafa íbúar meiri möguleika á að auka sjálfbærni með eigin ræktun og hafa að auki góðan aðgang að náttúrulegum svæðum sem gefur meiri möguleika á andlegri endurheimt og tækifærum til að ná fram lýðheilsu markmiðum utan vinnutíma. Hófleg dreifð uppbygging byggðar með þessum áherstum án þess að um eiginlegan búskap sé að ræða getur því talist jákvæð þróun til framtíðar að mati nefndarinnar með fyrirvara um að svæðin séu í góðri tengingu við helstu þjónustu innan sveitarfélagsins. Nefndin telur að skoða þurfi stefnumörkun er varðar óbyggð viðerni með ítarlegri hætti.

Virðingarfyllst,

Ásta Stefánsdóttir
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar

